

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri“, útgefin á venjulegan hátt 16. nóvember 1940 af dóms- og kirkju- 182 16. nóv. málaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þuríðar Ólafsdóttur, Ögri, og má aldrei breyta nafninu. Sjóðurinn er stofnaður á 100 ára fæðingardegi Þuríðar, 20. febrúar 1940, af dóttur hennar, Ragnhildi Jakobsdóttur í Ögri, og er stofnféð 1000 — eitt þúsund — krónur.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands á Ísafirði, eða annari peningastofnum með ríkisábyrgð á innstæðum, ef Landsbankinn hættir starfsemi á Ísafirði.

3. gr.

Styrk úr sjóðnum skal veita í fyrsta sinn 20. febrúar 1950 og síðan fimmta hvert ár, sama dag. Skal styrkurinn nema $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — þeirra vaxta, sem sjóðurinn fær fyrir umliðin, fyrst tíu og síðar fimm ár. En þegar sjóðurinn er orðum tíu þúsund krónur, má veita styrki annaðhvort ár, og þá er hann er orðinn 25 þúsund krónur, má veita styrki árlega.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur, ógiftar og giftar, fullra 16 ára að aldri, til þess að nema húsmæðrafræðslu. Skulu styrkþegar vera búsettir í Ögurhreppi, eins og hreppurinn er nú að takmörkum eða kann að verða, verði hreppnum síðar skipt. Skal ávallt miða við þau takmörk, er hreppurinn nú hefir, að því er búsetu styrkhæfra umsækjenda snertir. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu ávallt vera skriflegar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Ögurhrepps, og er hann formaður sjóðstjórnar og annast reikningshald hans. Meðan kvenfélag er í hreppnum skal kjósa eina konu í sjóðstjórnina, svo skal og stofnandi sjóðsins vera í stjórninni meðan hún óskar þess. Leggist kvenfélagið niður skal hreppsnefnd Ögurhrepps kjósa eina konu í stjórnina, og þegar stofnandinn ekki vill eða getur verið lengur í stjórninni, skal hreppsnefnd Ögurhrepps kjósa konu eða karlmann í hennar stað. Skal stjórnin ávallt vera skipuð Ögurhreppsþúum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrá þessa, nöfn þeirra, er sækja um styrk úr sjóðnum í hvert sinn, styrkveitingar og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal ávallt lagður fyrir sýslunefnd Norður-Ísafjarðar-sýslu eða annarar stofnunar, er koma kann í stað sýslunefndar, til reikningslegrar endurskoðunar og samþykktar.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.